

Listasafn Íslands

Mynd septembermánaðar

Mynd septembermánaðar í Listasafni Íslands er olíumálverk Þorvaldar Skúlasonar, **Komposition** (Höfnin) frá árinu 1938 og var málverkið keypt til safnsins sama ár.

Þorvaldur Skúlason (1906-1984) nam við Statens Kunstakademi í Osló og síðar við einkaskóla Marcel Gromaire í París. Hann var einn helsti brautryðjandi íslenskrar nútímalistar. Leiðsögn „Mynd mánaðarins" fer fram í fylgd sérfræðings, alla fimmtudaga kl.13.30 og er leiðsögnin ókeypis.

Listasafn Íslands er opið alla daga, nema mánudaga, kl. 11-17 og er veitingastofa hússins opin á sama tíma.



Fantasia Eurytmí

Kynningarnámskeið og sýningar á tuttugustu aldar listforminu Eurytmí


Nú er staddur hér á landi hópur sem kallar sig Fantasia Eurytmí, en Eurytmí er tuttugustu aldar listform, og er upphaf þess rakið til ársins 1912. Það er hreyfilist, sem er skipt í tal- og tóneuritmí, eða hreyfingu eftir töluðu máli og hreyfingu eftir tónlist. Þannig liggur málfræðileg uppbygging tungumálsins eða dúr og moll til grundvallar „dönsunum".

Euritmí er meðal annars notað til að aðstoða fjölfatlaða, og hefur borið árangur við meðhöndlun á börnum með persónuleikatruflanir. Þessi listgrein er því á kennsluskrá Wladorf skóla um allan heim. Fantasia Eurytmí hefur aðsetur í Järna í Svíþjóð, þar sem er starfrækt Eurytmí deild við Rudolf Steiner Säminar. Stjórnandi og danshönnuður hópsins er Peter de Voto, upplesari Antonius Zeiher, og sellóleikari Eva Rydström.

Á meðan hópurinn dvelst hér á landi verður hann með þrjár sýningar, og heldur þrjú stutt kynningarnámskeið á fyrirbærinu Eurytmí. Fyrsta sýningin verður í Sólheimum, Grímsnesi annað kvöld kl. 20:00, önnur og þriðja sýning í Félagsheimili Kópavogs á sunnudags- og mánudagskvöldið kl. 20:00. Á efnisskránni eru „dansar" við tónlist Benjamins Brittens og ljóð Karinar Boyes, auk verks sem Peter de Voto samdi við upphaf Völuspár í tilefni Íslandsferðarinnar.

Fyrsta kynningarnámskeiðið verður í dag í Sólheimum, Grímsnesi, og hin tvö í Reykjavík, á föstudag og laugardag. Nánari upplýsingar um námskeiðin gefur Sigrún Harðardóttir í síma 91-30181.

LG



Ragna Róbertsdóttir við steinstigann.
Myndir: Ari

Kjarvalsstaðir

Þrjár ólíkar sýningar

Ragna Róbertsdóttir, Ragna Hermannsdóttir og Sigríður Gyða sýna skúlptúra og málverk

Þrír myndlistarmenn sýna nú á Kjarvalsstöðum, þrjár konur, sem allar eru mjög ólíkar hvað varðar efnisval og efnistök.

Í Vestursal sýnir Ragna Róbertsdóttir skúlptúra úr torfi og grjóti. Ragna var valin borgarlistamaður 1987, og er með þessari sýningu að þakka fyrir sig, en það að halda sýningu á afrakstri ársins er eina kvöðin, ef svo má segja, sem fylgir því að vera borgarlistamaður.

Ragna stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Konstfack í Stokkhólmi. Hún hefur meðal annars haldið einkasýningar í Nýlistasafninu, Glugganum og á Kjarvalsstöðum. Síðan árið 1975 hefur hún tekið þátt í fjölda samsýninga, núna síðast sýningunni 5 Víddir, samsýningu 5 íslenskra listamanna í Röhsska museet í Gautaborg í sumar.

Ragna kveðst hafa unnið með torf og grjót undanfarin tvö ár, en yfirleitt vinni hún ákveðinn tíma með efnin og möguleika þeirra áður en hún snúi sér að því næsta. Hún hafi til að mynda unnið mest með reipi áður en hún sneri sér að grjótinu. Steinarnir eru grágrýti sem Ragna hefur fengið skorið til í Steinsmiðjunni, en torfið hefur hún sjálf þurrkað og sniðið.

Á sýningu Rögnu er rýmið mikilvægt atriði, hún leggur áherslu á að listaverkin njóti sín og myndi heild þegar litið er yfir salinn. Því segist hún hafa valið að takmarka fjölda verkanna á sýningunni með tilliti til rýmisins, frekar en að raða upp öllum þeim sem kannski hefðu komist fyrir.

Óhætt er að segja að sýningin í Austursalnum sé eins ólík þeirri í Vestursalnum og frekast megi vera. Þar sýnir Ragna Hermannsdóttir fimm dúkristur og 43 olíumálverk, flest unnin á striga.

Ragna stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og við Rijksakademie van beeldende kunsten í Amsterdam. Hún hefur meðal annars haldið einkasýningar í Slunkaríki á Ísafirði, Galerie Scholte í Amsterdam og í Nýlistasafninu. Hún tók síðast þátt í samsýningu árið 1987 í Noord-Holland Huis, Alkmaar.

Öll verkin á sýningunni eru unnin á síðasta ári, en Ragna segist hreinlega hafa tekist á hendur að „mála upp í salinn", og það hafi meira að segja tekist svo vel að ekki hafi verið pláss fyrir öll verkin. Hún segir af og frá að þetta séu mikil afköst, – hún hafi síður en svo staðið við málaratrönurnar dag og nótt.

Í Austur-forsal Kjarvalsstaða sýnir svo Sigríður Gyða Sigurðardóttir á þriðja tug verka; Reykjavíkurmyndir og uppstillingar.

Sigríður Gyða stundaði nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1961-62, og 1972-78. Þetta er hennar fyrsta einkasýning í Reykjavík, en áður hefur hún haldið sýningar í veitingaskálanum Þrastarlundi v/ Sog. Ennfremur hefur hún tvívegis tekið þátt í samsýningum F.Í.M. að Kjarvalsstöðum.

Sýningum þeirra Rögnu Róbertsdóttur, Rögnu Hermannsdóttur og Sigríðar Gyðu lýkur á sunnudaginn, 11. september. Kjarvalsstaðir eru opnir daglega kl. 14:00-22:00.

LG



Í Austursalnum sýnir Ragna Hermannsdóttir.



Sigríður Gyða við Reykjavíkurmynd.